



Knattspyrnudeild Breiðablik

Flosi Eiríksson, formaður

Tanja Tómasdóttir, framkvæmdastjóri

Reykjavík, 7. nóvember 2024

Úrskurður: Skýrsla eftirlitsmanns á leik Víkings R. og Breiðablik þann 27. október 2024

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 5. nóvember 2024, var tekin fyrir skýrsla frá eftirlitsmanni KSÍ á leik Víkings R. og Breiðablik í Bestu deild karla þann 27. október sl. Í samræmi við ákvæði 6.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar nefndin m.a. um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum eftirlitsmanna KSÍ í leikjum í Íslandsmóti KSÍ. Í skýrslu eftirlitsmanns í leiknum kemur m.a. eftirfarandi fram:

„[...]Á meðan að liðin gengu inn á völlinn fyrir leik kveiktu stuðningsmenn Breiðabliks á nokkrum fjölda blysa í stúkunni sem þeir voru í..“

Á fundi þann 29. október leit aga- og úrskurðarnefnd svo á að framkoma áhorfenda Víkings R., sem lýst er í tilvitnaðri skýrslu eftirlitsmanns, gæti varðað við grein 4.2. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, grein 13 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Taldi nefndin því brýnt að falast eftir greinargerð/athugasemdum frá viðkomandi aðildarfélagi áður en málið yrði tekið fyrir.

Á fundi nefndarinnar þann 5. nóvember 2024 lá fyrir greinargerð frá knattspyrnudeild Breiðablik. Að henni virtri og öðrum fyrirbyggjandi gögnum er það álit nefndarinnar að framkoma áhorfenda í framangreindum leik Víkings R. og Breiðablik hafi verið vítaverð og hættuleg og falli undir ákvæði 13.9.d. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Ef forystumaður aðildarfélags, sem ekki er á leikskýrslu eða áhorfandi gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum, þjálfurum eða öðrum er heimilt að sekta viðkomandi aðildarfélag um allt að kr. 200.000. Ef brot telst alvarlegt eða um ítrekun er að ræða er auk þess heimilt að setja viðkomandi lið í heimaleikjabann, þar til öryggi leikmanna, þjálfara og annarra telst tryggt.“

Með vísan til framangreinds ákvað aga- og úrskurðarnefnd KSÍ að sekta Knattspyrnudeild Breiðabliks vegna framkomu áhorfenda, nánar tiltekið vegna notkunar á blysum í áhorfendastúku. Þykir upphæð sektar knattspyrnudeildar Breiðabliks hæfilega ákveðin kr. 50.000,-.

Til grundvallar niðurstöðu vísar nefndin einnig til e) liðar 2. mgr. 16. gr. agareglna FIFA en í samræmi við grein 24.2. eru agareglur FIFA (*FIFA Disciplinary Code*) ákvæðum reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál til fyllingar, eftir því sem við á. Ákvæði c) liðar 2. mgr. 17. agareglna FIFA er svohljóðandi:

All associations and clubs are liable for inappropriate behaviour on the part of one or more of their supporters as stated below and may be subject to disciplinary measures and directives even if they can prove the absence of any negligence in relation to the organisation of the match:

c) the lighting of fireworks or any other objects;

Úrskurðarorð:

Knattspyrnudeild Breiðabliks skal sæta sekt að upphæð kr. 50.000,- til KSÍ.

Virðingarfyllt,
f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Haukur Hinriksson